



# ORKIS

## ÁRSSKÝRSLA 2025

UNNIÐ FYRIR FÉLAGA ORKIS  
( ÁÐUR ORKUKLASANS )

APRIL 2026

---

# EFNISYFIRLIT



1. Efnisyfirlit
2. Tímalína orkuklasans
3. Um okkur
4. Frá auðlindaforskoti til þekkingarforskots
  - kveðja frá formanni
1. Ársreikningur Orkuklasans 2025
2. Aðildarfélagar
3. Starfsemin
4. GEORG
5. Íslensk Nýorka
6. Sameiningaferlið
7. Orkis, Orka Íslands
8. Kveðja frá framkvæmdastjóra




# Um okkur

**ORKIS - Orka Íslands** ( áður Orkuklasinn ) er sameinað félag Orkuklasans, GEORG og Íslenskrar Nýorku og er þverfaglegur samstarfsvettvangur aðila í orkutengdri starfsemi.

Félagið starfar á grunni klasahugmyndafræðinnar og beitir aðferðum klasastjórnunar til að ná markmiðum sínum. Félagið er brú milli rannsókna, atvinnulífs og stjórnvalda, sem auðveldar nýsköpun með tengingum við fjármagn og samvinnu. Tilgangur félagsins er að stuðla að framþróun tengdri öflun og nýtingu endurnýjanlegrar orku, svo sem jarðhita, orkuskiptum og fleiri þáttum með verkefnum meðal aðildarfélaga og þjónustu við félagsmenn til að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun aðildarfélaga sinna.

Félagið leggur áherslu á eftirfarandi í starfsemi sinni:

- Að taka þátt í verkefnum og verkefnaþróun og stjórna verkefnum, sækja fram í alþjóðlegu samstarfi og afla fjármagns úr samkeppnissjóðum.
- Að byggja brýr milli atvinnulífs, háskóla og stjórnvalda.
- Sjá um viðburði, ráðstefnur og faghópa sem styrkja tengslanet og skapa traust og samstöðu í greininni.
- Að brúa bilið milli rannsókna og markaðar sem styður við nýsköpun og samkeppnishæfni





# Ávarp formanns Frá auðlindaforskoti til þekkingarforskots



Við lifum á tímum mikilla breytinga. Alþjóðlegt viðskiptaumhverfi er óstöðugra en lengi áður. Aðfangakeðjur eru viðkvæmari. Orkuöryggi er orðið eitt af lykilatriðum í efnahagslegu sjálfstæði ríkja. Áhersla hefur færst frá einfaldri hagkvæmni yfir í öryggi, áfallalöb, sjálfbærni og tæknilegt sjálfstæði.

Í þessu samhengi er orka ekki lengur aðeins framleiðsluþáttur. Hún er orðin strategisk auðlind. Við sjáum þessa þróun birtast alþjóðlega í aukinni áherslu á innlenda orkuframleiðslu, fjölbreyttari orkugjafa, aukinni fjárfestingu í innviðum, hraðari orkuskiptum og vaxandi áherslu á græna iðnvæðingu. Þetta er ekki tímabundin sveifla. Þetta er varanleg kerfisbreyting.

Í þessum heimi hefur Ísland einstaka stöðu.

Við búum yfir nánast 100% endurnýjanlegu orkukerfi í hitun og raforku., áratuga reynslu af uppbyggingu jarðhita og vatnsafls, traustum stofnunum, stöðugu rekstrarumhverfi, sterkum innviðum og öflugum mannaúði. Í heimi þar sem lönd leitast sífellt meira við að tryggja sér sjálfbærar, öruggar og kolefnissnaðar orkulausnir, er íslensk þekking og reynsla eftirsótt. Þetta skapar tækifæri, en líka ábyrgð.

Ísland hefur lengi byggt sterkt samkeppnisforskot sitt á hlutfallslegum yfirburðum í framleiðslu endurnýjanlegrar orku. Náttúruleg skilyrði, verkfræðileg þekking og innviðir gera það að verkum áð raforka og varmi eru framleidd hér með lægri fórnarkostnaði en í flestum öðrum löndum. Þetta forskot hefur skapað mikilvægan grunn fyrir atvinnuuppbyggingu, m.a. í orkuvinnu, orkufrekum iðnaði, gagnaverum, grænni matvælaframleiðslu og fjölmörgum öðrum greinum.

En heimurinn er að breytast.

Alþjóðleg orkuskipti og aukin tæknivæðing hafa í för með sér að verðmætasköpun færist sífellt meira frá sjálfri orkuframleiðslunni yfir í þekkingu, tæknilausnir, stafræn orkukerfi, samþættingu orku og annarra atvinnugreina, ný viðskiptamódel og útflutningshæfar lausnir sem vaxa upp úr íslensku orkukerfi en eiga erindi á alþjóðamarkaði.

Rannsóknir sýna að í orkukerfum framtíðarinnar verður samkeppnisforskot sífellt meira byggt á nýsköpun, kerfishugsun og getu til að þróa og innleiða lausnir á mörkum orku, tækni og atvinnulífs. Sem dæmi um þetta, þá á Kína ekki sólina. Sólin er auðlind allra, en Kína stjórnar allri virðisikeðjunni og 80-90% af heimsframleiðslu sólarcella fer fram í Kína.

Auðlindaforskot eitt og sér er því ekki lengur nægjanlegt.

Til að halda áfram að vera samkeppnishæf þurfum við að byggja upp þekkingarforskot. Þetta sést glögglega þegar einkaleyfi eru skoðuð sem mælikvarði á nýsköpun. Samkvæmt nýrri ársskýrslu Hugverkastofunnar eiga íslensk fyrirtæki nánast engar einkaleyfisumsóknir á sviði endurnýjanlegrar orku. Við stöndum þar langverst meðal Norðurlandþjóðanna. Sú þekking og þær uppgötvánir sem hér hafa orðið til í jarðvarma og vatnsafl hafa að mestu leyti ekki verið varðar með hugverkavernd. Samanburðurinn við aðrar atvinnugreinar er sláandi: í sjávarútvegi og matvælatækni hefur iðnaðurinn, m.a. í gegnum JBT Marel og Kerecis, byggt upp öflega einkaleyfisskrá sem myndar bæði tekjur og varanlegt samkeppnisforskot á alþjóðamarkaði. Þetta er bein áskorun, en líka tækifæri.

Samkeppnishæfni orkuendrar starfsemi ræðst ekki eingöngu af því hversu margar megavattstundir við framleiðum, heldur af því hvernig við nýtum orkuna, hvaða virðisikeður byggjast í kringum hana, hversu hratt við þróum nýjar lausnir, hvernig við tengjum saman ólíkar atvinnugreinar og hversu aðlaðandi vistkerfið er fyrir frumkvöðla, fjárfesta og alþjóðlega samstarfsaðila.

Um þessar mundir raungerist sameining þriggja félaga sem hver um sig hafa starfað sem samstarfsvettvangur í orkutengdri starfsemi. OrkuKlasinn, GEORG rannsóknarklassi í jarðhita og Íslensk NýOrka verða að Orkis – Orku Íslands. Þá skapast enn sterkari brú milli rannsókna, atvinnulífs og stjórnvalda, sem auðveldar nýsköpun með tengingum við fjármagn og samvinnu og hefur áhrif á stefnumótun og framtíðarsýn í orkugeiranum. Þekking og fjármagn renna saman í raunveruleg verðmæti.

Markmiðið er að styrkja stöðu Íslands sem leiðandi í endurnýjanlegri orku og orkuskiptum, ekki aðeins í framleiðslu, heldur í tæknipróun, nýsköpun og útflutningi lausna.

Ísland býr yfir einstöku samkeppnisforskoti í orkumálum.

Nú er verkefnið að umbreyta því forskoti í þekkingu, nýsköpun og alþjóðlega verðmætasköpun. Það er verkefni sem við leysum aðeins saman og Orkis mun taka virkan þátt í því.

Sigurður Atli Jónson,  
forstjóri Arctic Europe

# STJÓRN

Stjórn Orkuklasans 2025 - jan 2026

Fulltrúar stjórnar samþykktu að í ljósi

Fulltrúar stjórnar Orkuklasans sem kosnir voru til stjórnar á aðalfundi voru meðfylgjandi fulltrúar aðildarféлага.

Stjórn samþykkti að leggja fram fyrir aðildarféлага að sameinast GEORG á félagsfundum sem boðaður var 14. janúar 2026.



## ADALSTJÓRN



**Sigurður Atli Jónsson**  
Arctic Europe  
Formaður



**Birta Kristín Helgadóttir**  
EFLA



**Harldur Hallgrímsson**  
Landsvirkjun



**Carine Chatney**  
Verkís



**Birna Björnsdóttir**  
Orkuveitan



**Pétur H Pétursson**  
Arion Banki



**Kristín Soffía Jónsdóttir**  
RARIK

## VARASTJÓRN



**Kristín Steinunnardóttir**,  
varaformaður  
COWI



**Daði Þorbjörnsson**  
ISOR



**Björk Þórarinsdóttir**  
HS ORKA



**Þorvaldur Tólli**  
HD



**Helga Dögg Flosadóttir**  
Atmonia



**Þorvaldur Jacobsen**  
Landsnet



**Sigurður Sigurðsson**  
Jarðboranir

# Inn- leiðinga- stjórn

Orkuklasa  
GEORG

14.janúar - 27.apríl 2026

Á félagsfundi 14.janúar 2026 var samþykkt að sameina GEORG og Orkuklasann. Jafnframt var samþykkt að ganga til samninga við Íslenska Nýorku um að færa verkefni þess félags undir hatt Orkuklasans NOG.

NOG var það millinafn sem vettvangnum var gefið á innleiðingatímabilinu.

Eftir félagsfund þann 14. janúar tók innleiðingastjórn við sem eru fulltrúar úr báðum félögum sem sameinuðust.

Aðalmenn voru 9 og varamenn 3



## ADALSTJÓRN



**Sigurður Atli Jónsson**  
Arctic Europe  
Formaður



**Hjalti Páll Ingólfsson**  
Landsvirkjun



**Kristín Soffía Jónsdóttir**  
RARIK



**Carine Chatney**  
Verkís



**Kristín Steinunnardóttir,**  
COWI



**Árni Hrannar Árnason**  
Orkuveitan/On



**Pétur H Pétursson**  
Arion Banki



**María S Guðjónsdóttir**  
Háskolinn í Reykjavík



**Deirdre Clark**  
Íslenskar  
Orkurannsóknir

## VARASTJÓRN



**Björk Þórarinsdóttir**  
HS ORKA



**Steinþór Gíslason**  
EFLA



**Þorvaldur Jacobsen**  
Landsnet

# ÁRSREIKNINGUR ORKUKLASANS 2025



# Skýrsla stjórnar



ORKIS - Orka Íslands, áður Orkuklasinn var upphaflega stofnaður 15 febrúar 2013 og sameinaðist GEORG, rannsóknarklasa í jarðvarma formlega 14. janúar 2026.

## Hlutverk

Tilgangur félagsins er að stuðla að framþróun tengdri öflun og nýtingu endurnýjanlegrar orku, svo sem jarðhita, orkuskiptum og fleiri þáttum með verkefnum aðildarfélaga og þjónustu við félagsmenn til að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun aðildarfélaga sinna.

## Starfsemi Orkuklasans 2025

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var í höfuðstöðvum Verkís í lok máí urðu formannsskipti. Lét Árni Magnússon af stöðu formanns og er honum þakkað mikið fyrir farsælt og gott samstarf allt frá upphafi starfsemi vettvangsins, en hann var formaður í 5 ár. Við keflinu tók Sigurður Atli Jónsson, forstjóri Arctic Europe.

Árið einkenndist af krafti og hugrekki þar sem stjórn einbeitti sér að fylgja eftir óskum félaga að stækka og eflast og hafði frumkvæði að því að hefja sameiningarviðræður við GEORG. Fóru þær af stað fyrir alvöru um mitt ár. Auk vinnu stjórnar, framkvæmdastjóra og vinnuhóps stjórnar var aflað ráða frá Akademies vegna fýsileikagreiningar og stefnumótunar, Elements BBA-Fjeldco vegna lögfræðilegra atriða og KPMG vegna fjárhagslegra atriða. Viðtöl við félagsmenn voru gagnlegt veganesti og bentu til mikils stuðnings við sameiningaráform.

Á haustdögum fékk stjórn beiðni frá Íslenskri Nýorku um að taka þátt í vegferð sameiningar. Í árslok var lögð fram drög að framtíðarstefnu sameinaðs félags og tillögur stjórnar félagsins um sameingu við GEORG og að vinna að sameiningu rekstrar Íslenskrar NýOrku voru lagðar fyrir félagsfund þann 14. Janúar 2026 og samþykktar einróma.

Orkuklasinn stóð fyrir í um 40 viðburðum, fundum, námskeiðum, vinnustofum og fyrirtækjaheimsóknum á árin og sóttu þá viðburði hátt í 600 einstaklingar.

Fjárfestingasjóðsverkefnið IS Afl fjárfestingar og nýsköpun hélt áfram í samvinnu við Íslandssjóði. Utanaðkomandi áhrifaþættir á markaði hafa haft áhrif á að verkefnið er ekki komið jafn langt og stefnt var að á árinu en vonir eru bundnar við að því ljúki síðla árs 2026.

Orkuklasinn eflði samstarf sitt við Háskólann í Reykjavík á árinu og tók m.a. að sér tvo meistaranema í starfsnámi á vormisseri. Eitt verkefni nemanna að kortleggja nýsköpunargatið í endurnýjanlegri orku. Sú vinna mæltist vel fyrir og er það vilji vettvangsins að gera þetta að árlegum þætti í starfseminni.

Orkuklasinn var öflugur í erlendu samstarfi á árinu og vann ötullega með samstarfsaðilum sínum hjá Íslandsstofu að lausnum og aðgerðum.

Formaður tók virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd Our Climate Future sem haldinn var í október í Brussel.

Þá hóf Orkuklasinn vegferð með Arctic Cluster Team Norway, norskum orku og iðnaðarklasa, þar sem þessir tveir vettvangar hrintu af stað vinnu við kortlagningu áfallapóls orkutengdrar starfsemi á norðurslóðum, þ.e. á Íslandi, Noregi, Færeyjum og Grænlandi. Verkefni þetta gengur undir heitinu ERNA, Energy Resilience of the North, og er styrkt af NORA, Norrænu ráðherranefndinni.

# Skýrsla stjórnar frh



Aðildarfélagar töldu 43 í árslok 2025. Nokkrar breytingar áttu sér stað á árinu, þar sem einhverjir hættu aðild og á sama tíma nýir komu inn.

Niðurstöður árlegrar viðhorfskönnunar vettvangsins sýna almenna ánægju og virkni félaga. Þá endurspeglar niðurstöður að nær allir eru á því að samstarf á vettvangnum geti stuðlað að aukinni verðmætasköpun og samkeppnishæfni sinna félaga og greinarinnar í heild sinni. Viðhorf og væntingar til sameiningarinnar er mjög gott og væntingar til aukinna áhrifa og slagkraft áþreifanlegur sem er mikilvægt veganesti inn í nýtt starfsár með sameinaða krafta.

## Rekstur

Rekstur Orkuklasans gekk heilt yfir vel fyrir sig. Í árslok voru tæplega 40 borgandi aðildarfélag, fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar, sem tóku virkan þátt í starfseminni.

Rekstrartekjur námu 31,8 milljónum króna, rekstarkostnaður var 41,3 milljónir króna og hreinar vaxtatekjur námu 3,8 milljónum króna. Tap var af rekstri félagsins um 5,6 milljónir króna samanborið við 33 milljón króna hagnað árið áður. Breytingin skýrist af því að ráðstefnan IGC var haldin árið 2024 og skilar talsverðum tekjum þegar hún er haldin þriðja hvert ár. Önnur tekjuafandi verkefni náðu ekki eins langt á árinu eins og áætlað hafði verið.

Aðildarfélagsgjöld voru á pari við fyrra ár. Þá var launakostnaður ívið hærri en á fyrra ári sem skýrist einkum af álagsgreiðslu vegna mikillar vinnu við sameiningu, en einn starfsmaður er í 100% starfi framkvæmdastjóra félagsins og verið hefur.

Eigið fé félagsins í lok árs var jákvætt um 34,9 m og handbært fé nam 35,7 milljónum króna. Hluti af því er sérgreint framlag í sjóð til nýsköpunar og rannsókna.

Stjórn félagsins fundaði í samræmi við starfsáætlun og kom saman 8 sinnum með formlegum hætti auk margra vinnu- og greiningafunda vegna sameiningarmála. Þeirri nýbreytni var hrint af stað með nýjum formanni að stjórn fundar til skiptis í húsakynnum félaga stjórnarfulltrúa. Formaður og framkvæmdastjóri funda um framgang starfseminnar með reglubundnum hætti, a.m.k. einu sinni í viku allt árið um kring.

Stjórn og framkvæmdastjóri Orkuklasans hafa rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfest hann með undurritun sinni 13.apríl 2026.



Stjórnarfulltrúar funda hjá Landsneti - september 2025

# Rekstrarreikningur



Rekstur Orkuklasans gekk heilt yfir vel fyrir sig.

Í árslok voru tæplega 40 borgandi aðildarfélög, fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar, sem tóku virkan þátt í starfseminni.

Rekstrartekjur námu 31,8m króna, rekstarkostnaður var 41,3m og hreinar vaxtatekjur námu 3,8 m. Tap var af rekstri félagsins um 5,6milljónir króna saman borið við 33m hagnað árið áður.

Breytingin skýrist af því að ráðstefnan IGC var haldin árið 2024 og skilar talsverðum tekjum þegar hún er haldin þriðja hvert ár.

Önnur tekjuaflandi verkefni náðu ekki einslangt á árinu eins og áætlað hafði verið sökum álags vegna sameiningarvinnu.

Aðildarfélagsgjöld voru á pari við fyrra ár.

Þá var launakostnaður í við hærri en á fyrra ári sem skýrist einkum af álagsgreiðslu vegna mikillar vinnu við sameiningu, en einn starfsmaður er í 100% starfi framkvæmdastjóra félagsins eins og verið hefur.

	2025	2024
<b>Rekstrartekjur</b>		
<b>Aðildarfélagsgjöld</b>	30.206.721	30.630.250
<b>Styrkir</b>	253.727	0
<b>IGC</b>	0	37.198.787
<b>Önnur Verkefni</b>	1.366.348	173.955
<b>Samtals</b>	<b>31.826.796</b>	<b>68.003.962</b>
<b>Rekstrarkostnaður</b>		
Laun og launatengd gj	27.381.634	22.746.255
Annar Rekstrarkostnaður	13.917.821	14.746.104
Fjármagnstekjur/kostnaður	3.823.338	2.575.089
<b>(Tap) Hagnaður</b>	<b>(5.649.321)</b>	<b>33.086.722</b>



# Efnahagsreikningur

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum og innistæðum sem eru bundnar til skemmri tíma en þriggja mánaða Breytingar á eigin fés lækkar sem nemur þeim rekstarmismun sem kemur fram í rekstrarreikningi

Skammtímaskuldir endurspeglar þær 30 milljónir sem eyrnamerkta eru í nýsköpunarsjóðinn og ógreidd orlof starfsmanns sem safnast hefur upp síðastliðin ár.

	2025	2024
<b>Eignir</b>		
<b>EIGNIR</b>	5.000.000	5.000.000
<b>Veltufjármunir</b>	69.877.604	71.982.932
<b>Samtals</b>	<b>74.877.604</b>	76.982.932
<b>Eigið Fé</b>		
Óráðstafan eigið fé	35.719.507	41.468.828
Skammtímaskuldir	39.158.097	35.614.104
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>74.877.604</b>	76.982.932

# AÐILDARFÉLAGAR







# AÐILDARFÉLAGAR






# AÐILDARFÉLAGAR



Aðildarfélagar Orkis eru úr allri virðisæðju orkutengdrar starfsemi allt frá vísindasamfélagi til nýtingar. Ávinningur félaga byggist á þátttöku og innleggi í þekkingarbankann. Því virkari og öflugri sem aðildarfélagi er í samstarfinu, þeim mun meira tekur viðkomandi út og eflir sig og sína.



Ávinningur fellst í aukinni þekkingu, auknum sýnileika, aukinni hæfni, nýjum tengslum eða nýjum lausnum sem riðja brautina áfram fyrir hvern féлага fyrir sig. Þannig má segja að klasastjórnun er leið til aukinnar framleiðni. Þessi leið til árangurs er er brúarsmið milli þeirra sem að málum koma, hvort heldur það séu stjórnvöld, fjármagnsaðilar, rannsóknarstofnanir eða menntavísindin. Lindqvist, Ketels and Sölvell settu fram meðfylgjandi mynd í september 2013 og endurspeglar hlutverk klasastjórnunar og klasasamstarfs.

# KLASAR ERU DRIFKRAFTAR NÝSKÖPUNAR OG FRAMFARA



vísinda-  
samfélagið



Frumkvöðlar



Atvinnulífið




stjórnvöld



Fjármagn

Ávinningur félaga byggist á þátttöku og innleggi í þekkingarbankann. Því virkari og öflugri sem félagi er í samstarfinu, þeim mun meira tekur viðkomandi út og eflir sig og sína.

Ávinningur fellst í aukinni þekkingu, auknum sýnileika, aukinni hæfni, nýjum tengslum eða nýjum lausnum sem riðja brautina áfram fyrir hvern féлага fyrir sig. Þannig má segja að klasastjórnun er leið til aukinnar framleiðni. Þessi leið til árangurs er er brúarsmíð milli þeirra sem að málum koma, hvort heldur það séu stjórnvöld, fjármagnsaðilar, rannsóknarstofnanir eða menntavísindin. Lindqvist, Ketels and Sölvell settu fram meðfylgjandi mynd í september 2013 og endurspeglar hlutverk klasastjórnunar og klasasamstarfs.



heimild: Ichak Adizes 2005

Sterkur klasi nær jafnvægi:  
I (traust) – fólk vill taka þátt  
P (afl) – einhver getur tekið ákvarðanir  
A (authority) – einhver ber ábyrgð á framkvæmd  
C (contorl) – það er kerfi sem stýður þetta  
Þetta skapar:  
Hraða + samstöðu  
Framkvæmd + þátttöku  
Nýsköpun + aga


# ÞAÐ HELSTA ÚR STARFSEMINNI FRÁ 2025



# Starfsemi klasavettvangsins



Áherslur í klasasamstarfi




- Nýsköpun og tækni
- Menntun og þjálfun
- Markaðs og viðskiptasambönd
- Stjórnvöld og starfsskilyrði
- Rannsóknir og vísindi
- Vöxtur og fjárfestingar

Líkt og undanfarin ár kenndi ýmissa grasa á borðum Orkuklasans og var unnið að fjölmörgum verkefnum sem stuðla að því að efla aðildarfélag. Áherslur starfsins einkenndust fyrst og síðast af fjórum víddum af sex sem einkenna klasasamstarf.

- Það er að horft var til þátta í nýsköpun með því að kortleggja hvar á vantar í nýsköpun
- Bryddað var up á námskeiðum og fræðslu sem styrkir og eflir starfsmenn aðildarféлага með það að leiðarljósi efla hæfni til frekari verðmætasköpunar
- Unnið var að því að byggja upp ný og bætt viðskiptasambönd og leiðir til frekari uppbyggingar í alþjóðasamfélaginu jafnt sem innanlands
- Þá var haldið áfram að því að vinna að formun fjárfestingasjóðs til að brúa milli þeirra sem eru með lausnirnar og fjárfesta
- Samtalið við stjórnvöld var eftt til muna. Fundað var með þremur ráðherrum, ráðuneyti orkumála jafnt sem forseta landsins.

## Árið í tölum

Viðburðir 40



600 þátttakendur



5 fyrirtækjaheimsóknir



3 vinnustofur og  
3 focusgrupper



Ótal vinnufundir  
í tengslum við  
sameiningu



2 umsóknir  
1 styrkur  
1 zeal of excellence,  
fjármögnun gekk ekki



# Bronsviðurkenning endurvakin

Orkuklasinn endurheimti Bronze-merki ECEI (Cluster Management Excellence Label Bronze – Striving for Cluster Excellence), sem staðfestir að Iceland Renewable Energy Cluster uppfyllir viðurkennd evrópsk gæðaviðmið í klasastjórnun og er á einbeittri leið í átt að frekari framúrskarandi stjórnun. Matið mun nýtast sem grundvöllur fyrir forgangsröðun í þróunarstarfi klasavettvangsins á næstu tveimur árum eins og segir í matskýrslu.



Í mars 2025 fór Iceland Renewable Energy Cluster í gegnum formlegt benchmarking-mat hjá ESCA (European Secretariat for Cluster Analysis), evrópskum sérfræðingum í klasastjórnun. Matið náði yfir sex lykilsvið: uppbyggingu, stjórnun og eftirlit, fjármögnun, stefnu, þjónustu og áhrif. Niðurstöðurnar skýrslunnar eru afar hvetjandi og sýna að vettvangurinn stendur vel í mörgum grundvallarþáttum, þar á meðal sterkri stjórnun og eftirliti, skýrum þróaðri stefnu, góðum tengslum milli meðlima, og framúrskarandi áhrifum á alþjóðlegar starfsemi þátttakenda miðað við sambærilega klasa í Evrópu.

Megináskorarnir sem fram komu í matinu tengjast aðallega þremur sviðum:

- þörfina á að efla og styrkja tengsl í samfélaginu
- að auka þátttöku í rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum (þar á meðal aðgang að þriðja aðila fjármögnun),
- og að styrkja þátttöku klasans í stefnumótunarferlum á sviði orkumála.

Fjárhagslegt öryggi rekstrarins er metið sjálfbært mv. þáverandi stöðu og tryggð til skamms skammstíma en mælt er með í skýrslu að fjölgja tekjupóstum og auka hlutfall einkafjármögnunar líkt og unnið er að.

Niðurstöður þessarar úttektar sýna svo ekki verður um villst að sameining Orkuklasans og GEORG mun geta haft mjög góð áhrif heildinni til heilla ef vel tekst til og gull viðurkenning möguleg innan fárra ára



# IS AFL - fjárfestingar og nýsköpun



Fjárfestingasjóðsverkefnið IS Afl fjárfestingar og nýsköpun hélt áfram í samvinnu við Íslandssjóði.

Fjöldi funda og kynninga voru haldnir á árinu fyrir fjárfesta og ráðamenn auk þess að fjölmennur viðburður var haldinn á Hilton um mikilvægi blandaðra fjárfestinga í orkutengdri starfsemi

Utanaðkomandi áhrifaþættir á markaði hafa haft áhrif á að verkefnið er ekki komið jafn langt og stefnt var að á árinu en vonir eru bundnar við að því ljúki síðla árs 2026.

## Fagfundur um verkefnið: Fagfjárfestar og orkutengd starfsemi



# Alþjóðasamskipti og samvinna




Líkt og undanfarin ár voru margvísleg sérverkefni á borðum Orkuklans sem tengist alþjóðasamvinnu og verkefnum.

ERNU verkefnið með norskum orku og iðnaðarklasa stendur hæst en þar er horft til að efla viðnámsprótt orkutengdrar starfsemi á norðurstlóðum



Unnið var náðið með Íslandsstofu líkt og undanfarin ár að því að samræma og samhæfa leiðir og aðgerðir á erlendum mörkuðum, sem og með viðskiptasendifulltrúm íslenskra sendiráða erlendis.

Sendiráðið í Canada í samvinnu við Orkuklasan hafði frumkvæði að því að heimsækja YUKAN á vormánuðum.



Þá var einnig sendinefnd sem fór til Utah í Bandaríkjunum í samvinnu við sendiráð Íslands í Washington en mikil uppbygging jarðvarma er fyrirhuguð í Bandaríkjunum.

Þá tók formaður þátt í Our climate Future verkefni Íslandsstofu í Brussel þar sem lögð var áhersla á mikilvæg skilaboð í tengslum við regluverk Evrópu í jarðvarma.




Alþjóðahópur vettvangsins kom saman 4 sinnum á árinu og lagði mikla áherslu í sínu samtali á að Íslendingar þurfi að draga fram þá umframmæfni í jarðvarma sem flestir telja að sé að tapast.



# ERNA -Energy Resilience of North Atlantic

Í ársbyrjun hóf Orkuklasinn samtal og samvinnu við ACT - Arctic Cluster Team, orku og iðndarklasa í norður Noregi eftir að hafa átt fund á cluster to cluster viðburði í Oslo í lok janúar 2025.

Skrifað var undir MoU þess efnis að þessir vettvangar leggi sig fram að stuðla að frekari framþróun á sviði áfallapólisorkutengdrar starfsemi. Verkefnið er stutt af NORA - Nordic Atlantic Cooperation sem er program á vegum norrænu ráðherranefndarinnar.



Á fyrsta ári ERNA verkefnisins hefur tekist að byggja upp öflugan vettvang fyrir samstarf og þekkingarmiðun um orkuöryggi og orkuþol á milli Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja. Verkefnið hófst með fjölmennum kick-off fundi þar sem helstu áskoranir og tækifæri voru kortlögð, og í framhaldi hafa verið haldnar vinnustofur sem hafa dýrkað umræðu um lykilkætti eins og orkuöryggi og orkuvinnslu, geymslu og endurnýtingu. Þátttakendur hafa tekið virkan þátt í umræðum og þannig stuðlað að því að forgangsraða mikilvægum málefnum og skýra hvaða aðilar þurfa að koma að frekari þróun.

Helstu niðurstöður sýna aukinn skilning á orkukerfum svæðanna og styrkt samstarf yfir landamæri. Verkefnið hefur auðveldað greiningu á helstu hindrunum fyrir auknu orkuþoli, skilgreint stefnumótandi áherslur og lagt grunn að nýjum samstarfstækifærum. Þá hefur verið hafin vinna við vegvísi sem miðar að þróun tilraunaverkna og stefnumarkandi samstarfs, auk þess sem verkefnið hefur verið kynnt á alþjóðlegum vettvangi og þannig aukið sýnileika og áhrif.

ERNA í tölum 1.september 2025 - 31.ágúst 2026



Kick off fundur  
+ 4 webinar



25 fyrirlesarar



Þátttakendur um  
50 pr vefvund



Vegvísi verður skilað í  
ágúst 2026

Samstarfsaðilar:

Arctic Team Cluster -  
Norway

Iceland Renewable Energy  
Cluster

Umhverfisstofnan,  
Environment Agency -  
Faroe Environment  
Agency

Nukissiorfiit



# Kortlagning nýsköpunar

Speirri nýbreytni var hrint af stað á vormánuðum 2025 að fá meistaranema frá Háskólanum í Reykjavík sem vann með aðilum að Orkuklasanum að kortlagningu nýsköpunar á sviði endurnýjanlegrar orku á Íslandi. Nemendur skiluðu samantekt sem byggðist á greiningu, viðhorfskönnun, vinnustofum, fókusgrúbbum og viðburði á Innovation Week 2025.

- Viðhorfskönnun meðal félaga OK
- Vinnustofa x 1
- Fókusgrúbbur x 3
- Viðburður á Innovation WEEK 2025

Greiningin sem unnin var sýnir niðurstöður þriggja mánaða greiningar á nýsköpunarumhverfi orkugeirans á Íslandi og sýnir að þrátt fyrir mikinn metnað og tæknilega getu er skortur á samræmdu kerfi sem styður við þróun verkefna frá hugmynd til markaðar.

Fyrirtæki telja sig tilbúin til að taka næstu skref, en **benda á óskýrleika í regluverki, skort á samfelldri fjármögnun og veik tengsl milli stefnu og framkvæmdar** sem helstu hindranir. Þetta endurspeglar **kerfislægán vandabur sem stuðningsumhverfið** nær ekki að fylgja raunverulegum þörfum nýsköpunar.

Helstu áskoranir sem komu fram snúa að flóknu leyfisferli, mismæmi milli rannsóknarstyrkja og fjárþarfar á seinni stígum verkefna, og skorti á samhfæfingu milli opinberra aðila, atvinnulífs og rannsókna.

Niðurstöður vinnustofa undirstrika einnig þörfina fyrir skýrari vegvisi, sameiginlega innviði (t.d. fyrir orkugæmslu og flutning), umbætur í regluverki og uppbyggingu svokallaðra „flaggskipsverkefna“ sem geta styrkt alþjóðlega stöðu Íslands.

Þrátt fyrir þessar hindranir ríkir bjartsýni um að Ísland geti orðið leiðandi tilraunavettvangur fyrir hreina orku, enda eru grunnforsendur starkar—auðlindir, þekking og traust samfélags. Til að svo megi verða þarf þó að auka samhfæfingu, styrkja stoðkerfi nýsköpunar og tryggja að stefna og framkvæmd haldist í hendur svo hugmyndir geti orðið að raunverulegum og arðbærum verkefnum.

**Við þökkum Christopher Roland Wynne-Joyce nemanda við HR kærar þakkir fyrir metnaðarfullt starf og frábæra ástundun.**



# ICELAND GEOTHERMAL CONFERENCE

Reykjavík · Harpa · 25–27 May, 2027

Undirbúningur að 6. Iceland Geothermal Conference, ráðstefnunni okkar fór af stað á árinu.

Ráðstefna þessi er eitt af flaggskipum vettvangsins og greinarinnar allrar sem jafnfram hefur gert það verkum að við séum á sýningargluggi endurnýjanlegrar orku sem raun ber vitni. Einstakt tækifæri fyrir greinina í heild sinni að taka saman höndum

## Flaggskip vettvangsins

Undirbúningur að 6. Iceland Geothermal Conference, ráðstefnunni okkar fór af stað á árinu. Ráðstefna þessi er eitt af flaggskipum vettvangsins og greinarinnar allrar sem jafnfram hefur gert það verkum að við séum á sýningargluggi endurnýjanlegrar orku sem raun ber vitni. Einstakt tækifæri fyrir greinina í heild sinni að taka saman höndum.


Þá hefur Orkis gert mou við IGA - International Association og Íslandsstofu um samstarf að IGC 2027



HS Orka reið á vaðið verður aðalsamstarfsaðili viðburðarins sem jafnframt skilgreinist sem plátínum samstarfsaðili. Þeir aðildarfélagar sem hafa staðfest stuðning við verkefnið eru:



### Fagnefnd IGC 2027



Líkt og fyrr verkefna þá eru fulltrúar aðildarfélaga sem skipa fagnefnd verkefnisins enda þar er þekkingin, tengingar og meðvitund um það sem skiptir greinina máli.

Fagnefndin tók til starfa haustið 2025 og fundar mánaðarlega og þess á milli ef þess verður þörf

Conference Chair á IGC 2027 er Lilja Magnúsdóttir frá HS Orku

### IGC Innovation AWARD



Unnið er að því að veita nýsköpunarverðlaun í jarðvarma í annað sinn á ráðstefnunni og er markmiðið að draga fram þá miklu þróun sem á sér stað í faginu og ætti að vera eftirsótt að fá viðurkenningu Íslands á sinni þróun.

### KOMUM




KOMUM, ráðstefnuskipuleggjandi hafa gert samning við Orkuklasann og munu halda utanum um verkefnið með okkur, skráningu, sýningu og annað tilfallandi sem til þarf við framkvæmd v



# Önnur starfsemi

Starfsemi Orkuklasans hefur verið annasöm og kennt ýmissa grasa eins og fam kemur á Aðildarfélagar hafa verið öflugir í samstarfinu og ekki látið sitt eftir liggja. Þá var stjórnin afar samstillt og vann ötullega að því að styrkja vistkerfi greinarinnar með framgöngu sinni að sameiningu vettvanganna. Allt snýst þetta um brúarsmið á milli ólíkra aðila sem leitt getur til þess að auka árangur.



Vinnustofur og heimsóknir til félaga einkenndu árið og voru fjölmargar heimsóknir, bæði stjórnar til félaga jafnt sem tvær stórar heimsóknir til HD og HS Orku. Með heimsóknum sem þessum öðlast ólíkir félagar nýja sýn á samstarfsaðila og ný tengsl myndast og jafnvel viðskiptasambönd.

Í samvinnu við Íslandsstofu var ráðist í að skoða umfang greinarinnar á landsvísu og áhrif og var Kontext fenginn til verksins. Niðurstöður voru síðan kynntar í ársbyrjun 2026 á nýársfundi vettvangsins






# Niðurstöður úr viðhorfskönnun

Undanfarin 4 ár hefur vettvangurinn leitað upplýsinga um ánægju aðildarfélaga á samstarfinu og leiða til að efla hana með árlegri viðhorfskönnun. Í ár var fókusinn á væntingar félaga til sameiningar. Spurningarkönnunin var send út í mars, 3 áminningar voru sendar út og var heildarfjöldi svarenda 29.

Niðurstöðurnar eru sem hér segir:


## Spurning 1

Hversu lengi hefur þitt félag verið aðili að Orkuklasanum?




## Spurning 2

Telur þú að samstarf innan greinarinnar á vettvangi Orkuklasans geti stuðlað að aukinni verðmætasköpun og samkeppnishæfni í þínu félagi, stofnun og greininni sjálfri?



## Spurning 3

Hversu virk(ur) varstu í starfsemi Orkuklasans á síðasta ári, 2025? Hér er átt við alla viðburði, fundi og verkefni bæði í persónu sem með rafrænum hætti?






# Niðurstöður úr viðhorfskönnun - frh


## Spurning 4

Viðhorf og væntingar gagnvart sameiningu Orkuklasans, GEORG og Íslenskrar Nýorku




## Spurning 7

Hversu mikið traust berð þú til þess að sameiningarferlið verði faglegt og gegnsætt?




## Spurning 5

Væntingar til áhrifa sameiningar: Að þínu mati, hversu líklegt er að sameiningin hafi jákvæð áhrif á eftirfarandi þætti?



## Spurning 6

Áskoranir - Hversu miklar áhyggjur hefur þú af eftirfarandi þáttum í tengslum við sameininguna?



**SAMEININGARFERLI**

**ORKUKLASINN  
GEORG  
ÍSLENSK NÝORKA**



# Sameiningarferli



Í ársbyrjun 2025 hófust umræður um mögulega sameiningu Orkuklasans og GEORG formenn stjórnna tóku saman tali. Viðræðurnar fór síðan á fullt eftir aðalfund. Með þessari umfangsmiklu vinnu var stjórnað framfylgja óskum aðildarfélaga að efla og samþætta stoðkerfið og stuðla að auknum slagkrafti.

Auk vinnu stjórnar, framkvæmdastjóra og vinnuhóps stjórnar var leitað til aðildarfélaga um frekari ráðgjöf.

- **Akademias** var fengin til að fara í fýsileikagreiningar og stefnumótunarvinnu
  - Viðtöl við fjölda félagsmenn voru nýtt við fýsileikagreiningu og stefnumótunarvinnu auk vinnustofu með framkvæmdastjórum
- **Elements BBA-Fjeldco** var fengin til að fara yfir lögfræðile atriði
- **KPMG** var fengin til ráðgjafar vegna fjárhagslegra atriða.

Á haustdögum fékk stjórn beiðni frá Íslenskri Nýorku um að taka þátt í vegferð sameiningar. Í árslok var lögð fram drög að framtíðarstefnu sameinaðs félags og tillögur stjórnar félagsins um sameingu við GEORG og nú liggur fyrir framsalssamningur og félagið mun verða dótturfélag Orkis



27.apríl  
Orkis



GEORG hefur starfað sem rannsóknarklasi í jarðhita með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri rannsókn og þróun jarðhita og draga þannig úr kolefnislosun heimsins. Með því að sameina hagsmunaaðila úr þremur geirum, akademía, iðnaði og opinberum stofnunum hefur GEORG stuðlað að því að lýta fyrir alþjóðlegri notkun jarðhita og auka þjóðfélagsleg áhrif hans. GEORG hefur lagt sérstaka áherslu á þverfræðilegt samstarf, m.a. með tengslum við hagfræði og eldfjallafræði, og hefur myndað samstarf við fjölmargar virtar stofnanir á heimsvísu.

## Helstu verkefni og árangur 2025

Á árinu 2025 tók GEORG þátt í fjórum Evrópuverkefnum í fullu rekstri:

**CETPartnership (Horizon Europe)** er stærsta verkefni GEORG á þessum tíma. GEORG gegnir hlutverki ritara með áherslu á heating and cooling lausnir, og árið 2025 markaði mikilvægt skref þegar GEORG var formlega skráð sem Full Beneficiary í Horizon Europe samningnum, uppfærsla frá fyrra Associate Entity hlutverki. Þetta tryggir GEORG beinan þátt í fjármögnun og aukna áhrif í samstarfinu.

**EPOS-ON** styður við alþjóðlegt rannsóknarsamstarf í jarðhita og gagnagerð. Á árinu 2025 vann GEORG að því að virkja íslenska samstarfsaðila og safna dýrmætum innsýnir fyrir tvær umfangsmiklar vinnustofur árið 2026: EPOSDays í Ítalíu og Superhot Rock vinnustofu á World Geothermal Congress í Calgary.

**COMPASS** lauk formlega í október 2025 eftir farsælt vegferð og þátttöku hagsmunaaðila á evrópskum jarðhitamarkaði. Verkefnið náði hámarki sínu í 2025 með tveimur áhrifamiklum viðburðum: sumarskóla í Reykjavík og vinnustofu fyrir svæðisbundna hagsmunaaðila í Spáni og lokavinnustofu á European Geothermal Congress þar sem helstu niðurstöður voru kynntar fyrir evrópskum fagaðilum.

**GEOTHERM-FORA** lauk í ágúst 2025. Verkefnið fólst í samræmingu og stjórnun á samstarfi sviði jarðhita á evrópskum vettvangi, þar á meðal með skipulagningu stefnumóttaka fyrir áhrifavalda og framlagi til lykilskýrsla og vegvísa um jarðhitastefnu í Evrópu.


Til viðbótar við Horizon Europe verkefni stýrir GEORG skrifstofu **GEOTHERMICA initiative** sem er samstarfsvettvangur um beislun jarðhita og nær til evrópskra og norður-amerískra þjóða. Á GeoTHERM sýningunni í Offenburg í Þýskalandi, febrúar 2026 leiddi GEORG þátttöku íslenskra sérfræðinga þar sem sjö stofnanir og fyrirtæki sýndu íslenskan jarðhitaíðnað með heildstæðum hætti. Ísland var gestaland sýningarinnar árið 2026.

## Sérfræðingar GEORG



Alicja W Stocklosa framkvæmdastjóri  
Ester Halldórsdóttir, verkefnastjóri

- 23 stofn félagar
- 25 verkefni
- 17 ár í þjónustu íslensks jarðhitaíðnaðar
- 1.3 milljarður í verkefnatekjur





Íslensk Nýorka (INE) var stofnuð árið 1999 sem opinbert–einkaaðila samstarf til að kanna möguleika vetnis sem orkugjafa í samgöngum. Fyrirtækið var í fararbroddi alþjóðlegra tilrauna með vetnistækni, meðal annars með ECTOS verkefningu þar sem vetnisstrætisvagnar og áfyllingarstöð voru prófuð í Reykjavík.

Síðar beindi INE sjónum sínum að fólksbílum og sjóflutningum með SMART-H2 verkefningu og einstöku tilraunaverkefni í hvalaskoðunarbátnum Eldingu.

Verkefnið skiluðu mikilvægra þekkingu á tæknilegum, efnahagslegum og samfélagslegum þáttum vetnislausna. Þrátt fyrir að innleiðing vetnistækni hafi tafist, meðal annars vegna efnahagshrunsins 2008 og óþroskaðs markaðar, hefur ÍN lagt áherslu á áframhaldandi þróun vetnis sem orkugjafa á Íslandi og alþjóðlega.

## Sérfræðingar Íslenskrar Nýorku



**Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri**  
**Marianne Ribes, verkefnastjóri**



Nýorka tekur þátt í fjölbreyttum innlendum og alþjóðlegum verkefnum sem styðja orkuskipti, þróun vetnislausna og kolefnishlutlausar samgöngur. Verkefnið spanna samstarfsvettvanga, rannsóknir, innleiðingu tækni og stefnumótun.

### Samstarf og stuðningur við orkuskipti

**Græna Orkan (2027)** - Nýorka sér um rekstur samstarfsvettvangs um orkuskipti með um 50 aðilum. Fjármögnun: Samstarfsvettvangur

**Enercom (2027)** - Stuðningur við sveitarfélög við að sækja um ESB-styrki og nýta tækifæri í orkuskiptum. Fjármögnun: ESB

**RECET (2026)** - Nýorka er verkefnisstjóri í verkefni sem styður dreifð byggðarsvæði í orkuskiptaáætlunum. Fjármögnun: ESB

### Norðurlandasamstarf og rannsóknir

**Nordic Marine Roadmap Phase 2 (2027)** - Nýorka er tengiliður Íslands í þróun vistvæns eldsneytis í siglingum og tekur þátt í stefnumótun og vinnustofum. Fjármögnun: Nordic Council of Ministers

**NordicH2ubs (2026)** - Kortlagning vetnisverkefna og tækifæra á Íslandi, með áherslu á nýtingu vetnisafurða. Fjármögnun: Nordic Energy Research

**MOREH2 (2027)** - Rannsóknarverkefni um efnarafala þar sem Nýorka sinnir miðlun þekkingar. Fjármögnun: Nordic Energy Research

### Innleiðing nýrrar tækni og orkulausna

**Next Wave IV (2026)** - Þróun og prófanir á rafeldsneyti og rafmagnslausnum fyrir þungaflutninga á landi og sjó. Fjármögnun: Nordic Innovation

**Green e2e Digital (2026)** - Stafræn stjórnun á kolefnishlutlausum flutningskeðjum. Nýorka miðlar stöðu Íslands og tekur þátt í kynningu. Fjármögnun: Nordic Innovation

**HYCELAND (2029)** - Stórt landsverkefni um notkun vetnis í samgöngum, iðnaði og fleiri geirum. Nýorka er lykiltengiliður og staðarstjórnandi. Fjármögnun: ESB

**Raf – strandflutningar (2026)** - Nýtt verkefni um rafvæðingu strandflutninga (í þróun). Fjármögnun: Vegagerðin



ORKIS

Energy Cluster  
Iceland



Til  
Samvinnu  
Reynsla  
Sjálfbærni

Aflvaki

Ávinningur

**Framsækni**

Vettvangur

Rannsóknir

Tímamót

Samvinnu

Reyn

S:

## Framtíðarsýn

Ísland er leiðandi afl í hagnýtingu ork , orkuskiptum og sjálfbærni – og virkur samstarfsaðili í alþjóðlegum áskorunum

### Tilgangur

Brú milli milli rannsókna, atvinnulífs og stjórnvalda, sem auðveldar nýsköpun með tenginum við fjármagn og samvinnu og hefur áhrif á stefnumótun og framtíðarsýn í orkugeiranum. Eflum samkeppnishæfni og stuðlum að aukinni verðmætasköpun

### STEFNA

Samvinna Þekking Framþróun Alþjóðleg tengsl

## Stoðir

Vistkerfi

Verkefnastofa

Orkuskipti

### Gildi

Með fagmennsku, trausti og gegnsæi er leiðarljós Orkís:

samvinna

ávinningur

sjálfbærni

GRUNNUR - Virk þátttaka aðildarfélaganna

# Framtíðarsýn



Framtíðarsýn Orkis er að Ísland verði leiðandi á alþjóðavísu í þróun og útflutningi sjálfbærra orkulausna sem byggja á þekkingu, nýsköpun og ábyrgri nýtingu auðlinda.



## Hlutverk Okkar

### Efla verðmætasköpun

Efla samkeppnishæfni orkutengdrar starfsemi á Íslandi með því að umbreyta auðlindum og þekkingu í aukin verðmæti

### Ábyrg nýting auðlinda

Styðja við þróun og innleiðingu lausna sem efla orkuskipti, orkuöryggi og sjálfbæra nýtingu

### Nýsköpun

Leggja grunn að nýjum virðiskeðjum og útflutningshæfum lausnum á sviði orkumála.

## Burðarásar stefnunnar

Burðarásar stefnuhússins endurspeglar þau meginviðfangsefni sem félagið leggur sérstaka áherslu á í allri starfsemi sinni. Þessar áherslur eru þvert á stoðir, verkefni og samstarf og móta heildarsýn félagsins. Helstu burðarásar stefnunnar eru:

### Samþætting og samstarf

Áhersla er lögð á að brjóta niður múra milli rannsókna, atvinnulífs, nýsköpunar og opinberra aðila. Í framkvæmd felur þetta í sér verkefni og ferla sem hvetja til snemmbærrar samvinnu, sameiginlegrar verkefnaátvinnu og skýrrar verkaskiptingar.

### Verðmætasköpun og virðiskeðjur


Stefnt er að því að umbreyta þekkingu, hugmyndum og rannsóknum í raunveruleg verðmæti með uppbyggingu nýrra virðiskeðja og útflutningshæfra lausna. Verkefni eru metin út frá möguleikum til innleiðingar og áhrifa, ekki eingöngu rannsóknargildis.

### Alþjóðleg tenging og slagkraftur


Félagið leitast við að vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi, auka sýnileika Íslands og styrkja stöðu íslenskra aðila í samkeppni um verkefni, fjármagn og samstarf. Alþjóðleg tenging er samþætt verkefnastarfsemi frá upphafi.

ORKUKLASINN & GEORG

GRÓSK  
14. JANÚAR 2026



## Skipulag



# Gildin okkar

Starfsemi ORKIS byggir á sameiginlegum gildum sem styðja við tilgang og framtíðarsýn félagsins og móta vinnubrögð í daglegri starfsemi.

- **Samvinna** er forsenda árangurs og felur í sér traust, gagnsæi og virkt samstarf milli ólíkra aðila.
- **Ávinningur** felur í sér áherslu á raunveruleg áhrif, mælanlegan árangur og verðmætasköpun fyrir samfélag og atvinnulíf.
- **Sjálfbærni** endurspeglar langtímahugsun og ábyrgð í nýtingu auðlinda, verkefnavali og samstarfi.




## Viðskipta módel og fjármögnun

Virði ORKIS felst fyrst og fremst í því að byggja brýr á milli lykilaðila í orkuvistkerfinu og umbreyta stefnu, hugmyndum og þekkingu í verkefni með mælanlegum áhrifum. Orkis starfar ekki sem hefðbundinn þjónustuaðili eða ráðgjafi heldur sem vettvangur sem skapar framkvæmdagetu, samhengi og samfellu

Virðistilboðið byggir á því að Orkis

- sé samhæfandi afl sem dreugr úr sundurskiptingu og tvíverkefnaði
- styður bæði aðildarfélaga sína og samfélagið með verkefnadrifinni nálgun
- byggir starfsemi sína á stoðum sem tengja saman þá sem skipta máli hverju sinni, verkefni, nýsköpun og fjármagn.

## Viðskiptamódel vettvangsins





## Mannauður ORKIS



Rósbjörg Jónsdóttir  
starfandi  
framkvæmdastjóri  
Forstöðumaður  
vistkerfis



Alicja W Stocklosa  
Forstöðumaður  
Verkefnastofu



Jón Björn Skúlason  
Forstöðumaður  
Orkuskiptaáætlunar



Ester S. Halldórsdóttir  
Verkefni og rekstur



Ester S. Halldórsdóttir  
tengls og miðlun



# Vertu félagi og taktu þátt í að efla orkutengda starfsemi

Allir einstaklingar, lögaðilar og stofnanir sem hafa áhuga á og ávinning af frampróun á orkutengdri starfsemi og vilja styðja við tilgang og markmið ORKIS hafa möguleika á að verða aðildarfélagar.



+354 - [519-2160](tel:+35421602160)



[info@orkis.is](mailto:info@orkis.is)



Kristínargötu 1,  
102 Reykjavík

[www.orkis.is](http://www.orkis.is)



# Klasar eru drifkraftar framfara Kveðja frá framkvæmdastjóra



## Aukin samkeppnishæfni - aukin verðmætasköpun - bætt lífskjör

Í síbreytilegu alþjóðlegu efnahagsumhverfi hefur samkeppnishæfni þjóða aldrei verið mikilvægari. Samkvæmt fræðum Michael Porter er samkeppnishæfni ekki fyrst og fremst mæld í náttúruauðindum eða stærð hagkerfis, heldur í framleiðni – hæfni fyrirtækja til að skapa verðmæti með skilvirkum hætti og keppa á alþjóðlegum mörkuðum. Það var einmitt Porter, guðfaðir orkuklasans sem hvatti okkur Íslendinga til að skapa okkur aukin verðmæti úr þessari einstöku auðlind sem við búum við.

Kjarninn í þessari nálgun er að verðmætasköpun verður til í samspili fyrirtækja, stofnana og umhverfis þeirra og þar eru það klasarnir sem gegna lykilhlutverki.

## Klasar eru drifkraftar nýsköpunar og vaxtar

Klasar – þ.e. landfræðileg samþjöppun tengdra fyrirtækja, rannsóknaraðila og stofnana – skapa einstakt umhverfi þar sem þekking flæðir hraðar, samkeppni eykst og samstarf dýpkar. Slíkir klasar auka bæði framleiðni og nýsköpunargetu og styðja fyrirtæki við að þróa nýjar lausnir og sækja fram á nýja markaði.

Rannsóknir sýna að svæði með sterka klasa upplifa hraðari atvinnusköpun, hærra laun, meiri nýsköpun og aukna seiglu gagnvart efnahagslegum áföllum. Þetta undirstríkar að klasar eru ekki einungis vettvangur samvinnu – þeir eru lykilinnviðir samkeppnishæfni.

## Orkis - Orka Íslands

**Orkis er nýtt sameinað afl í íslensku atvinnulífi og verður til við sameiningu Orkuklasans, GEORG rannsóknarklasa í jarðvarma og Íslenskrar nýorku.**

## Samstarf sem forsenda árangurs

Samkeppnishæfni byggir á viðtæku samstarfi. Hún verður ekki til í einangrun heldur í gegnum samspil atvinnulífs, stjórnvalda og þekkingarsamfélags. Samstarfsvettvangar gegna mikilvægu hlutverki í að tengja þessa aðila saman, samræma aðgerðir og hraða umbótum. Þessir vettvangar skapa sameiginlega sýn, styðja við stefnumótun og tryggja að þekking og gögn nýtist til ákvarðanatöku og aðgerða.

Orkis mun:

- sameina og brúa krafta fyrirtækja, rannsókna og opinberra aðila
- hraða nýsköpun og þróun lausna í orkutengdri starfsemi
- styrkja alþjóðlega samkeppnisstöðu Íslands
- skapa ný verðmæti með því að tengja saman þekkingu, fjármagn og tækifæri

Í anda Porter má segja að Orkis verði lykilinnviður í íslensku samkeppnisumhverfi – vettvangur þar sem styrkleikar landsins eru nýttir með markvissum hætti til að skapa framtíðarverðmæti.

## Framtíðarsýn: Frá styrkleikum til áhrifa

Ísland býr yfir einstökum styrkleikum á sviði orku og tækni. En raunveruleg verðmætasköpun verður fyrst til þegar þessir styrkleikar eru virkjaðir í gegnum samstarf, þekkingu og nýsköpun.

Orkis er svar við þeirri áskorun.

Með því að byggja upp sterkt klasaumhverfi mun Orkis ekki aðeins styðja við núverandi atvinnugrein, heldur einnig opna dyr að nýjum lausnum, nýjum mörkuðum og nýjum tækifærum fyrir íslenskt samfélag.

Það er von mín að aðildarfélagar Orkis muni vaxa og dafna og hafa áhrif á íslenskt samfélag með drifkrafti ORKIS

Kveðja  
Rósbjörg Jónsdóttir,  
framkvæmdastjóri



Til  
Samvinnu  
Reynsla  
Sjálfbærni

Aflvaki

Ávinningur

**Framsækni**

Vettvangur

Rannsóknir

Tímamót

Samvinnu

Reyn

S: